



Skógargerði

Húsbúnaður og hlutir

Byggt á samantekt Indriða Gíslasonar ásamt viðbótum frá Ragnhildi Indriðadóttur. Hermann Hermannsson endurraðaði í maí 2019 eftir núverandi staðsetningu hluta og setti inn myndir af þeim og einnig myndum í römmum og á veggjum, bætti nokkru við texta. Sólrún og Dagný Gerður ásamt Ragnheiði Guðnadóttur lásu yfir, bættu við og leiðréttu.



MAÍ 2019

Efnisyfirlit

Norðurstofa.....	2
Orgel	2
Bókaskápurinn	2
Sindrastóllinn.....	3
Borð	3
Stóll.....	3
Stofa	4
Bókaskápur	4
Kommóða	4
Borðstofuborð	4
Spegill.....	4
Hurð.....	5
Búrið.....	6
Eldhús.....	6
Baðstofa.....	7
Borð.....	7
Kista Margrétar á Geirólfsstöðum.....	7
Bókaskápur	7
Rúm í suðurenda	7
Gömul rúm.....	8
Bláa herberhið (líka kallað Pabba herbergi).....	9
Skrifborð	9
Lampinn.....	9
Rúm	9
Koffort	9
Kommóða	10
Saumavélin	10
Rokkur	10
Hjónarúm ?	10
Litla herbergi	11
Borð.....	11
Rúm	11
Borð / skápur.....	11
Kompa	12
Borð.....	12
Spegill.....	12
Rúm	12
Stiginn niður í kjallara	13
Vesturkompa.....	14
Hurð.....	14
Borð.....	14
Gömul eldhúsinnrétting.....	14
.....	14
Prjónavél.....	14
Þvottabretti.....	15
Dót í Vesturkompu.....	15
Hurðir almennt.....	15
Útkjallari Baðherbergi og þvottahús	16
Framkjallari	17

Norðurstofa (líka oft kölluð Vesturstofa)




Mynd tekin í mars 2019

Orgel

Orgelið kom hingað 1920–1925 (SG segir skömmu eftir 1920), flutt á klakki yfir Fjarðarheiði frá Seyðisfirði. Óljós heimild segir að þetta orgel hafi verið fyrsta kirkjuorgel á Seyðisfirði, þá líklega í þeirri kirkju sem reist var á Vestdalseyri. Margrét lét gera orgelið upp um 1980. Það var með viðarlit en þeir sem önnuðust viðgerð töldu sig finna uphaflegan lit, þann sem nú er. SG telur að Jören, kaupmaður á Seyðisfirði, hugsanlega tengdur Ekkjufellsfólki, hafi selt þabba orgelið.

2012 Orgelið er nú í Norðurstofu



Bókaskápurinn

Gjöf frá Útfellingum á 75 ára afmæli Gísla Helgasonar (Grafinn silfurskjöldur á efsta hluta) Skápurinn fór inn á Helgafell til Helga þegar Dagný móðir hans fór þangað, síðar fór hann til Reykjavíkur í umsjá Helga Gíslasonar, Helgasonar, Gíslasonar. Helgi kom austur með skápin sumarið 2018 til varðveislu þar. (Sindrastóllinn er orðinn æði slitinn)



Sindrastóllinn

Gjöf til Dagnýjar Pálsdóttur á 70 ára afmæli hennar

Dagný Sigurgeirsdóttir: Held hún hafi fengið þennan stól í sjötugs afmælisgjöf, sagði hún mér að hún hefði ekkert með hann að gjöra eins og henni einni var lagið, og sagði oft um þá veraldlegu muni sem henni voru gefnir.

Hilma Sveinsdóttir: Til að bæta aðeins við hjá mömmu (Dagný Sigurgeirsdóttir) þá gaf langamma henni stólinn, sagðist ekkert hafa með hann að gera, en mömmu fannst hann eiga heima í Skógargerði og tók hann því aldrei og vonandi verður hann þar sem lengst

Stjórnin lét gera stólinn upp 2019 og er hann eins og nýr núna.



Borð

Ferkantað, heldur ólögulegt borð SG segir það vera úr búi Margrétar Helgadóttur



Stóll

Bergþóra kom með hann og keypi í antiqueverslun í New York



Stofa

Bókaskápur

Skápurinn er í tvennu lagi, efri og neðri hluti. Efri hlutinn var í stofunni en sá neðri hjer og hefur líklega verið hafður fyrir bækur bóksölu sem hjer var rekin um skeið. Skápurinn er gamall en ekki er kunnugt um uppruna hans.

2012: skápurinn var tekinn í sundur 2011 og hlutarnir standa sjálfstæðir í stofunni

2019: Nú er neðri hlutinn í Bláaherbergi



Kommóða

Sigríður keypti þessa kommóðu á Elliheimilinu Grund sumarið 1935 og var hún úr dánarbúi konu sem þar lést. Sigríður kom með gripinn austur um haustið og stóð hún síðan í stofunni, á þeim stað sem hún stendur enn. Sigríður veit ekki deili á fyrri eiganda. Um 1985 var kommóðan illa farin og fór SG þá með hana suður og lét gera hana upp. Er henni það í minni að þegar hún kom með þennan grip á verkstæðið sem hafði tekið að sér að annast viðgerð og hann var tekinn útúr bílnum þá hrundi þessi kommóða alveg saman. Maðurinn sem átti að annast viðgerðina spurði þá með þjósti hvað hún væri að gera hingað með þetta spýtnadrasl. Svo fór þó að hann setti mubluna saman en ekki vildi hann mála hana eða lita. Þá fór kommóðan enn austur og fól SG Fúsa á Staffelli lokafrágang á gripnum. Hann pússaði hana alla upp og var hún þá alveg hvít. Bað hann Sigríði nú ráða hvort hún vildi hafa hana svona eða láta lita hana. Hún gat ekki ákveðið það, kvaðst ekki hafa vit á því, bað Fúsa ráða. Hann setti þá þennan mahónílít á mubluna. Síðar, þegar Fúsi kom í Skógargerði og sá kommóðuna sagðann: „Við hefðum átt að hafana hvíta.“



Borðstofuborð

Systkinin gáfu móður sinni þetta borð ásamt 4 stólum (líklega um 1950?) Platan er illa farin og stólarnir ljelegir. Eftir endurreisn kom Helgi Ómar með 4 svipaða stóla, þeir litlu betur farnir. — Er líklega annaðhvort að henda þessum mublum eða gera þær upp.

Spegill

Bergþóra kom með hann, keypti í antiquebúð í New York.


Nýlega (2018) komin innskotsborð neðan við spegil



Hurð



Áður útidyrhurð, kölluð framdyrahurð, nú í dyrum úti forstofuskúr. Hurðin mun vera frá Völundi, Rvík, líklega frá 1917. Víkingur og Fúsi á Staffelli gerðu hurðina upp um 1990, og hurðin tekin sundur í 53 stykki og uppgerð að nýju. Við það var Fúsi á Staffelli aðalmaður



Upphaflegur
þröskuldur

Búrið

Harðparket sett á gólf, nýtt tvíbreitt rúm og kaja ásamt náttborði og leslampar 2019,



Eldhús

Þar eru nú aungvar minjar fyrri tíðar. Eldhúsbekkur var við austurhlið, hilla undir honum.. Við suðurvegg (sem nú er ekki leingur) var eldavjel, næst reykháfnun, við hlið hennar stóll, sem mig minnir væri kallaður Eldhússtóll, og næst Eldhúsbekknun Svarðarkassi. Borð var við norðurvegg og þar voru dyr útí Skúrinn. Úr Skúrnum innangeingt vestur í fjósið en að austan útidyr, kallaðar Skúrdyr og nokkuð háar tröppur uppað þeim, bygðar úr torfi og grjóti, snéru suður á hlaðið.



Ný innréttin sett upp 2019 ásamt öllum nýttísku tækjum, einnig nýtt borðstofuborð og stólar 2020

Baðstofa

Borð

Borðið er nú notað sem sóffaborð. Fætur þess eru undan gamla stofuborðinu sem var merkilegt borð, borðstofuborð. Gulla fór með fætuna suður og Guðni á Moshvoli, hennar maður, smíðaði ofaná þá þetta borð. Borðið er falleg smíð úr harðviði og ber höfundu sínum vitni en Guðni var orðlagður vöfundur. — Ekki er vitað hvað varð af gömlu borðplötunni. Gæta þarf vel að þessu borði.



Kista Margrétar á Geirólfsstöðum

Á hlið stendur: M S D 1879. Helgi lét gera kistuna upp og mála hana. Fúsi á Staffelli hefur líklega annast um það. Á lokinu var rósamunstur (SG) en það er ekki lengur. Kistan var leingi í búrinu (búrkista) — Örnólfur Thorsson er með stóra kistu frá Margrétu.



Bókaskápur

Bergþóra kom með hann.



Rúm í suðurenda

Góð DUX rúm
Nýtt náttborð og lampar 2019



Gömul rúm

Til voru fleiri gömul rúm, ein tvö sem hægt var að draga sundur. Þau rúm voru góð og falleg, nú glötuð,

Saga núverandi rúma er ekki þekkt. Ný dýna (dýna frá RB rúm) í stækkanlega rúminu (2019) og góð svampdína í hinu



Bláa herbergið (líka kallað Pabba herbergi)



Skrifborð


Þórhallur á Ormsstöðum smíðaði fyrir Gísla bónda bróður sinn (um 1936). Borðið var uppi í Pabba herbergi (bláa herbergi). Borðið lenti uppí Aðalból því mamma mun hafa gefið Páli það eftir lát pabba. Þaðan kom það aftur um 1995. Gæta skal að þessu borði.



Lampinn

Gjöf til Gísla Helgasonar frá börnunum 13 á 75 ára afmæli hans

Lampinn fór inn á Helgafell til Gísla Helgasonar þegar Dagný amma hans fór þangað því hún ætlaðist til að Gísli fengi hann þar sem hann bar sama nafn, síðar fór hann til Reykjavíkur og var í umsjá Helga Gíslasonar, Helgasonar, Gíslasonar. Helgi kom austur með lampann sumarið 2018 til varðveislu þar.



Rúm

Karl Ólafsson smíðaði rúm Pabba sem er undir suðurhlið um leið og hann þiljaði herbergið (um 1926). Rúmið er naglfast og í stíl við rúm í gömlum baðstofum.

Ný dýna frá RB í rúmið 2017



Koffort

Karl Ólafsson smíðaði (SG). Ekki mjög merkilegt kannski.



Kommóða

Hulda kom með þessa mublu; hún svaf oftast í þessu herbergi, í pabba þegar hún var hér á sumrin.



rúmi,

Saumavélin

Upplýsingar frá Ragnheiði Guðnadóttur.

Saumavélin var í eigu Margrétar Helgadóttur afasystur okkar sem lærði kjólasaum í Kaupmannahöfn og vann þar við það um nokkurt skeið uns hún fluttist heim og settist að á Seyðisfirði þar sem hún varð annáluð kjólasaumakona. Hún átti þessa vél alla tíð og entist henni vel og var notuð eftir hennar dag. Einhvern veginn komst vélin hingað suður, ég hygg með Bergþóru og notaði hún hana á tímabili. Hún var í geymslu hjá okkur fjölskyldunni um tíma er við bjuggum í Vesturbergi. Kassinn undir henni var orðinn lélegur og mamma tók hana undir sinn verndarvæng og pabbi smíðaði nýjan kassa sem hún nú stendur á. Eftir það fór mamma með hana í Skógargerði.



Rokkur

Saga þessa rokks er ekki þekkt, (er í vinnslu)



Hjónarúm ?

Þórhallur smíðaði hjónarúm handa pabba og mömmu þegar þau giftu sig (segir SG). Hefur rúmið þá verið smíðað 1908 eða litlu síðar. Gaflar úr þessu rúmi eru enn til, þó nokkuð breyttir. SG telur að í Gamla bænum hafi þetta rúm verið í stofu innaf eldhúsi (enda varla annar staður tiltækilegur fyrir það). Fer nú ekki sögum af þessu rúmi fyren kemur framá þriðja áratug 20.aldar. Þá er innréttaður vesturendinn á steinhúsinu (um 1926). Karl Ólafsson, Kalli á Urriðavatni, mun hafa haft mest með það að gera. Þá er þar að sunnanverðu gert „hjóna–herbergi“ sem oft hefur verið kallað „Bláa herbergið“ (síðar „Herbergið hans pabba“) enda mun það þá þegar hafa verið málað blátt og hefur Kalli líklega séð um það. Eftir því sem SG segir var þá ekki hægt að koma hjónarúminu fyrir í þessu herbergi, rúmið var of breitt. Þá tók Kalli sig til og mjókkaði rúmið. Hann smíðaði þá líka rúmið hans pabba, naglfast undir suðurvegg, málaði þetta allt blátt (sbr. hjer á eftir). Svo er að sjá að þau hjón hafi ekki lengur sótt fast að byggja sömu hvílu. Nú verður ekki með neinu móti vitað hvernig þetta gamla hjónarúm leit út. En (eftir minnkun) var það eftir að ég man til alltaf kallað „Rúmið hennar mömmu“. Það var þá í baðsofunni. Rúmið var gert upp 2002–03 og önnuðust þeir Sigfús Ingi og Víkingur um það. Er rúmið nú komið á sinn stað.



Ný dýna frá RB í rúmið 2017

Litla herbergi

(áður kallað Helga herbergi eða herbergið hans Helga; synir í fjölskyldunni bjuggu hér).
Sumir kalla þetta Víkings herbergi því hann bjó í því síðastur bræðra.



Borð

Borðið er úr eigu Margrétar Helgadóttur en hún var lærð saumakona og var leingst á Seyðisfirði. Hún notaði borðið til að sauma við dýrindis kjóla og er þetta merkilegt borð (SG). Borðið er vönduð smíð og löguleg mubla en þarfnast viðgerðar. Það hefur í mörg sumur verið staður tölvu minnar (IG)



Rúm

Gott og fallett rúm. Bergþóra kom með þetta rúm, keypti það í Reykjavík.
2017; Aðeins gaflarnir eftir, rúmið var endurnýjað fyrir nokkrum árum

Borð / skápur

Lítið borð með skáp og vösum fyrir dagblöð (reykíngaborð).
Bergþóra kom með borðið, keypti það í antique-búð í New York.
Það mun því vera yfir 100 ára gamalt.



Kompa



Borð

Þetta borð er gamalt, svokallað þvottaborð. Í neðstu hillu var höfð stór þvottakanna með vatni. Á aðalhillu var pláss fyrir vaskafat og litla hillan efst var ætluð fyrir sápu og annað tilheyrandi snyrtingu (SG). Svona borð voru víst einkum höfð í gestaherbergjum en Kompan var einmitt slíkt herbergi. Borðið hefur alltaf verið þar: Uppruni ókunnur. Það virðist hafa verið málað í brúnum lit. Borðið er óskemmt og þarf að gæta vel að því.

Karfan undir er prjónakarfa sem Dagný amma átti og gaf Dagnýju Sig., sem svo aftur kom með hana úteftir aftur. Á borðinu sjálfu er askja sem Dagný amma atti.



Spegill

Bergþóra kom með hann og keypi í antiqueverslun í New York

Rúm

Þarna var bekkur sem Bergþóra kom með (mjög óþægilegur) og var honum skipt út fyrir DUX rúm sem var í Búri þegar nýtt var sett þar inn 2019

Stiginn niður í kjallara

Stigi þessi er jafngamall húsinu (1917 ?) og var upphaflega milli fyrstu og annarrar hæðar, en þá var millipallur með þrem þrepum. Það hefur nokkrum sinnum verið genginn þessi stigi!



Vesturkompa

Hurð

í dyrum að Vesturkompu í kjallara.

Hurðin er mjög gömul spjaldahurð, hefur líklega verið í gamla torfbænum (því frá 1800 og eitthvað.) og því sennilega elsti hluturinn í húsinu. Hún hefur verið breikkuð, aukið á hana borði en sýnist annars óröskuð. Skrá og snerill gæti líka verið gamalt, kanski á aldur við hurðina.



Borð

Borðið smíðaði Karl Ólafsson úr afgangsefni, panil sem gekk af þegar vesturendinn var þiljaður innan (um 1925). Pabbi hafði bækur á þessu borði og skrifaði við það. Síðar var það leingi úti í horni og stóð útvarpstæki á því. Borðið var málað blátt, einsog herbergið; nú er það brúnt, illu heilli (SG). Þetta borð er ekki merkileg smíði en hefur tilfinningalegt gildi fyrir okkur systkinin. Nokkuð stórt skrifpúlt, rauðbrúnt að lit, var svo leingi í herberginu og eru einhverjir partar úr því enn til í vesturkompu.



Gömul eldhúsinnrétting

Síðasta eldhúsinnrétting (hluti) Dagnýjar Pálsdóttur þegar eldhúsið var í Norðurstofunni



Prjónavél

Saga þessarar vélar er ekki ljós, verið er að kanna málið



Þvottabretti

Þvottabretti Margrétar
Gísladóttur



Dót í Vesturkompu

Dót í Vesturkompu sem
þarf að gera betri skil og
ef til vill koma fyrir
annarsstaðar í húsinu



Hurðir almennt

Talið er að Völundur, Rvík, hafi smíðað allar hurðir í húsið. Þær eru sumar enn á sínum stað, þ.e. á efri hæð. Hurðir fyrir stofu og norðurstofu munu vera hjá Víkingi en ekki veit ég hvort hurðir í baðstofu- og eldhúsdýrum eru enn við líði. Best að gæta að öllum hurðum sem til eru, hvar sem þær eru.

Útkjallari Baðherbergi og þvottahús

Ný þvottavél og þurrkari



Framkjallari



Hillur, bekkir og parket 2013